



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 02. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna). (Þingskjal 299 — 215. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofanefnt frumvarp.

Samtökin styðja heilshugar efni frumvarpsins og telja það samræmast vel rétti barna til stuðnings og hjálpartækja eins og hann birtist í 23. og 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að tryggja börnum þau hjálpartæki sem þau þurfa til að ná besta mögulega þroska og sem metin eru þeim nauðsynleg af heilbrigðisstarfsfólki. Börnum má ekki mismuna á grundvelli stöðu þeirra eða foreldra þeirra, sérstaklega fjárhagslegrar og því er rétt að ríkið tryggi öllum börnum jafnan rétt til gleraugnakaupa.

Ennfremur er mikilvægt að festa í sessi hlutverk þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga við þjónustu við fjölskyldur barna sem þurfa að fá gleraugu.

Svo barn fái notið mannréttinda sinna, svo sem til menntunar og þátttöku í samfélaginu, þarf að tryggja því þau hjálpartæki sem það þarf á að halda svo það megi sjái, heyra og komast leiðar sinnar á við aðra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á bann sáttmálans við mismunun og jafnan rétt barna til allra þeirra réttinda sem hann kveður á um. Til þess að tryggja börnum jöfn réttindi þarf ríkið að gera meira fyrir þau sem þurfa sérstakan stuðning.